

Valgreinar í boði skólaárið 2021-2022

Nemendur í 8. bekk velja fimm kennslustundir í valgreinum á viku.

Nemendur í 9. og 10. bekk velja sex kennslustundir í valgreinum á viku. Valfögum er nánar lýst hér á eftir. **Athugið að nemendur velja bæði fyrir haust- og vorönn.**

Vanda þarf valið því ekki er hægt að skipta um val.

Haustönn: 2. september 2021- 14. janúar 2022

Vorönn : 17. janúar 2022 - 31. maí 2022

Skylduval fyrir 10.bekk

Nemendur í 10.bekk verða að velja sér eina **listgrein** og eina **verkgrein** yfir veturinn. 10.bekkur velur 6 kennslustundir.

8. Og 9.bekkur velja 5 kennslustundir

Val utan skóla/ Íþróttaiðkun/ listnám/ tómstundir

Hægt er að fá íþróttaiðkun og/eða annað nám metið sem valgrein. Ef nemendur stunda nám utan skóla jafngildir tveggja klukkustunda nám einni kennslustund í vali. Nemendur í 8., 9. og 10. bekk geta að hámarki fengið fjórar kennslustundir í afslátt á viku. Nemendur verða að fylla inn fjölda valtíma utan skóla um leið og þeir skila inn vali á valgreinum.

Dæmi: Nemandi stundar nám/íþróttir utan skóla í tvo tíma á viku. Viðkomandi fær eina kennslustund í afslátt og velur fjórar kennslustundir.

Dæmi: Nemandi stundar nám/íþróttir utan skóla í sex tíma á viku. Viðkomandi fær þrjár kennslustundir í afslátt og velur tvær kennslustundir.

Dæmi: Nemandi stundar nám/íþróttir utan skóla í átta tíma eða fleiri á viku. Viðkomandi fær fjórar kennslustundir í afslátt og velur eina kennslustund.

Af gefnu tilefni er vert að taka fram að vinna nemenda telst ekki sem val utan skóla.

Erasmus verkefni

Tvö Erasmus verkefni eru í gangi. Annars Vegar fyrir 8.bekk og hins vegar fyrir 9. -10. bekk. Bæði eru þau í samvinnu við nemendur og kennara í öðrum löndum. Þeir nemendur sem taka þátt verða að vera tilbúnir að taka á móti erlendum nemendum inn á sitt heimili. Einnig gefst ákveðnum fjölda nemenda að fara til Evrópu í skólaheimsókn. Valgreinin er kennd í lotum í samráði við kennara og skil innan verkefnisins.

Mánudagur		Fimmtudagur	
Valnámskeið	Lýsing	Valnámskeið	Lýsing
Bakstursval 2 kennslust. Kennari: Bogga	<p>(9. og 10.b.)</p> <p>Í bakstursvali er unnið með alls kyns bakstur, brauð, kökur og fleira. Mismunandi aðferðir verða kenndar og nemendur læra að meðhöndla mismunandi deig.</p> <p>Mikil áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, hreinlæti og samvinnu nemenda.</p> <p>Námsmat: Símat þar sem metin verða vinnubrögð, samvinna, sjálfstæði og síðast en ekki síst frágang á sínu vinnusvæði.</p> <p>(Verkgrein)</p>	Eldað og bakað frá framandi löndum. 3 kennslust. Kennari: Bogga	<p>(9. og 10.b.)</p> <p>Í valáfanganum eldað og bakað frá framandi löndum verður áhersla lögð á matseld, gerbakstur, kökur og eftirrétti. Í lok tímans borða nemendur saman afraksturinn eða taka hann með sér heim. Nemendur kynna sér framandi menningarheima og matarmenningu mismunandi landa. Hvað siðir eru í hverju landi o.s.frv. Mikil áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, hreinlæti og samvinnu nemenda.</p> <p>Námsmat: Símat þar sem metin verða vinnubrögð, samvinna, sjálfstæði og síðast en ekki síst frágang á sínu vinnusvæði.</p> <p>(Verkgrein)</p>

<p>Bolta og spaðaval</p> <p>1 kennslust.</p> <p>Kennari :Aldís</p>	<p>Í þessu vali verður farið í fótbolta, körfubolta, handbolta, blak , badminton og borðtennis. Áhersla á að nemendur upplifi bolta- og spaðaípróttir á jákvæðan hátt. Hvetji til áframhaldandi hreyfingar þar sem aukin hreyfing bætir lífsgæði fólks. Námsmat er lokið eða ólokið, þar af leiðandi skiptir mæting og virkni í tímum miklu máli. Markmið: Að nemendur auki færni sína í boltaípróttum, spaðaípróttum og læri leikreglur. Fatnaður: Ípróttaföt og ípróttaskór.</p>	<p>Listmennt</p> <p>2 kennslust.</p> <p>Kennari: Nína</p> <p>Vorönn</p>	<p>Valáfanginn er kenndur einu sinni í viku í 80. mín á vorönn Nemendur hafa frjálst val um hvort unnið er að vatnslita málun, málað á striga, skorið í dúk og þrykk á pappír, gerður pappamassi eða unnið að sameiginlegu mósaík hópverkefni. Nemendur fá sýnikennslu frá kennara, af netinu og úr bókum Námsmat: símat, leiðsagnarmat, ástundun og virkni í tíma.</p> <p>(Listgrein)</p>
<p>Borðspilaval</p> <p>2 kennslust.</p> <p>Kennari : Árni</p>	<p>Spiluð verða ýmis borðspil og stokkaspil með nemendum, t.d. ýmis stokkaspil, King of Tokyo, Varúlfur, Dixit, Catan, Krafla/scrabble, Bezzerwizzer, Alias, Monopoly, Heilaspuni og e.t.v. fleiri spil sem nemendur hafa áhuga á og koma jafnvel með að heiman. Einn tími er skráður inn á stundatöflu í hverri viku. En kenndar eru tvær kennslustundir aðra hverja viku.</p>	<p>Textílmennt</p> <p>2 kennslust.</p> <p>Kennari: Sigga</p>	<p>Nemendur hafa val um fatasaum, útsaum, þrjón, þrykk, endurvinnslu o.fl. allt eftir áhuga hvers og eins. Námsmat: Fjölbreytt verkefni, símat, leiðsagnarmat, ástundum og virkni í tíma. Hæfniviðmið:Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar. Unnið með einföld snið og uppskriftir. Þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli. Notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla. Fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum. Nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textílverk og textílvinnu.</p> <p>(Verkgrein)</p>

<p>Íslenskuval</p> <p>1 kennslust.</p> <p>Kennari: Steinunn</p>	<p>Markmið áfangans er að auka skilning nemenda á því efni sem verið er að vinna með í íslenskutímum í kjarna. Unnið verður með þætti í stafsetningu, málfræði, ljóðum og ritun. Námsmat: Námsmat byggir á frammistöðu nemenda í tímum og verkefnum ATH: Þeir nemendur sem þurfa námsaðstoð (sérkennslu) í íslensku ættu að velja þennan áfanga.</p>	<p>Skólahreysti</p> <p>1 kennslust.</p> <p>Kennari: Árni</p>	<p>Áfangi fyrir þá sem vilja taka vel á því og auka meðal annars þol, snerpu og styrk. Tímarnir verða í anda Skólahreysti, Bootcamp og Crossfit. Kennst verður í íþróttahúsinu. Námsmat er lokið eða ólokið, þar af leiðandi skiptir mæting og virkni í tímum miklu máli.</p>
<p>Karokival</p> <p>1 kennslust.</p> <p>Kennari: Jónína W</p>	<p>Valgreinin er fyrir alla þá sem hafa áhuga á að syngja, einir sér og/eða í hóp. Áhersla verður lögð á undirstöðuatriði í söng, notkun hljóðnema, og almenna sviðsframkomu. Nemendur fá tækifæri til að æfa karaoke lög að eigin vali annað hvort í hópum eða einstaklingsbundið. Unnið verður í því að þjálf hlustun og tilfinningu fyrir frumpáttum tónlistar svo sem tónhæð, samhljóm og takti. Stefnt verður að því að skipuleggja kaffihúsasýningu í lok valáfangans.</p> <p>(Listgrein)</p>	<p>Smíði og nýsköpun</p> <p>3 kennslust.</p> <p>Kennari: Veiga Dís</p>	<p>Nemendur vinna eitt verkefni eftir gefinni forskrift kennara, síðan velja nemendur sér verkefni sem getur verið nánast hvað sem er úr málm, tré, plast eða því efni sem tilfellur. Lögð verður áhersla á að nemendur hanni og útfæri sín verkefni sjálfir. Í þessum tíma er lögð áhersla á að nemendur séu sjálfstæðir og vinnusamir. Markmið og hæfniviðmið með valfaginu er að nemandinn: geti valið og þróað eigið verkefni, útfært á skapandi og persónulegan hátt, verið sjálfstæður og ábyrgur í þeirri verkefnavinnu sem fer fram. Námsmat: Gefin er vinnueinkunn eftir hvern tíma sem þar sem iðni, vinnubrögð, frumkvæði og framkvæmd verkefna eru metin.</p> <p>(Verkgrein)</p>

<p>Stærðfræðival</p> <p>1 kennslust.</p>	<p>Markmið áfangans er að auka skilning nemenda á því efni sem verið er að vinna með í stærðfræðitímum í kjarna. Námsmat: Námsmat byggir á frammistöðu nemenda í tímum og verkefnum ATH: Þeir nemendur sem þurfa námsaðstoð (sérkennslu) í stærðfræði ættu að velja þennan áfanga.</p>	<p>Golf</p> <p>1 kennslust. Kennari: Raggi</p>	<p>Golf er vinsæl íþrótt meðal allra aldurshópa og það er hægt að byrja að spila golf hvenær sem er. Farið verður í alla þá grunnþætti sem nauðsynlegir eru fyrir fyrstu skrefin á golfvöllinum eins og grunnhreyfingar í golfsveiflunni, öll meginhögg í golfi, siði og grunnreglur í golfleiknum ásamt venjum og hugarfari við golfiðkun. Golf er fyrir alla – Stelpur og stráka. Námsmat: byggir á virkni og frammistöðu nemenda í tímum. Haustönn - stelpur Vorönn - strákar</p>
<p>Framhalds-skóla stærðfræði</p> <p>2 kennslust.</p> <p>kennari: Raggi</p>	<p>Þá taka nemendur allt 10.bekkjarnámsefni í stærðfræði á haustönn og fara í framhaldsskóla stærðfræði á vorönn.</p>	<p>Framkoma, snyrtifræði og jákvæð líkamsímynd</p> <p>1 kennslust.</p> <p>Kennari: Rakel</p> <p>Vorönn</p>	<p>Í þessu valfagi verður nemendum kennd helstu undirstöðu atriði er kemur að förðun og hreinlæti. Tekið verður fyrir farði, skygging, highlighter, augnförðun, varir o.fl. Einnig verður farið í undirstöðuatriði er varðar hreinlæti á húð, förðunarvörum og fleiru. Nemendur fá tækifæri til þess að koma með förðunarvörur sínar í skólann til þess að fá ráðleggingar. Skemmtilegt valfag fyrir alla þá sem vilja læra undirstöðuatriði í förðun. Námsmat: Símat þar sem lögð er áhersla á góð vinnubrögð, samstarfshæfni og sjálfstæði.</p>

<p>Skrautskrift</p> <p>1 kennslust.</p> <p>Kennari: Veiga Dís</p>	<p>Kenn eru grundvallaratriði í skrautskrift og hún æfð.</p> <p>Námsmat: Símat, sjálfsmat, virkni, áhugi, samvinna og framfarir (Listgrein)</p>	<p>Einkaþjálfun</p> <p>1 kennslust.</p> <p>Kennari: Kristín Helga</p> <p>Vorönn</p>	<p>Valáfangi fyrir alla þá sem hafa áhuga á að kynnst fjölbreyttri nálgun á hreyfingu og heilbrigðum lífsstíl. Í þessum áfanga munu nemendur læra undirstöðuatriði lyftinga ásamt því að fara yfir mikilvægi þess að beita líkamanum á réttan hátt þegar kemur að lyftingum. Einnig verður farið yfir mikilvægi hreyfingar og holt mataræði skoðað. Reynt verður að fara í heimsókn í mismunandi líkamsstöðvar nokkrum sinnum yfir tímabilið og því má gera ráð fyrir að kennt verður í lengri lotum.</p> <p>Námsmat: Virkni og frammistaða nemenda í tímum.</p>
<p>Tónlist / Hljómsveit</p> <p>1 kennslust.</p> <p>Kennari:</p>	<p>Nemendur velja lög í samráði við kennara og vinna að því að útsetja og flytja saman hvort sem er á hljóðfæri eða sungið. Hlustað verður á lög úr mismunandi tónlistarstefnum og hljómar og nótur verða skoðuð. Unnið verður að því að auka tónlistarlega færni og að þjálfva hlustun og samstillingu í samspili. Nemendur mega koma með hljóðfæri að heiman en þá er hjálplegt ef þeir hafa fyrri reynslu á hljóðfærin sín.</p> <p>Námsmat: símat, sjálfsmat, áhugi, samvinna, virkni, framfarir ATH: Nemendur koma með sín hljóðfræði. (Listgrein)</p>	<p>Frisbígolf</p> <p>2 kennslust.</p> <p>kennari : Svandís</p>	<p>Áfanginn verður aðallega kenndur utandyra. Tímarnir fara fram á frisbígolfvöllum í nágrenni skólans (Guðmundarlundi, Dalvegi og Seljadal). Farið verður í grunnatriði frisbígölsins, reglur, grip, pútt, bakhönd, forhönd og mismunandi frisbídiskar prófaðir. Einnig verður farið yfir helstu reglur sem þarf að hafa í huga þegar keppt er í frisbígólfi. Nokkur mót verða haldin og að lokum verður krýndur frisbígolfmeistari Vatnsendaskóla. Nemendur geta komið með sína eigin frisbídiska en við útvegum líka diska. Við munum fá frisbígolfspilara úr meistaraflokki til að sýna okkur hvernig á að gera þetta a.m.k. einu sinni yfir tímabilið.</p>

<p>Erasmus Verkefni</p> <p>1 kennslust.</p> <p>Kennari: Kristín Helga og skólastjórnendur</p>	<p><i>Tha Final Countdown</i> 8.bekkur</p> <p>Sjá kynningarbréf</p>	<p>Hjólasport</p> <p>1 kennslust.</p> <p>Kennari: Kjartan</p>	<p>Nemendur fara í hjólaferðir bæði í næsta nágranni við skólann sem og höfuðborgarsvæðið og Heiðmörk. Heilsueflandi hreyfing sem er bæði skemmtileg og uppfull af ævintýrum. Hjólaþrautir sem efla leikni og styrk í torfærum og ófærð af ýmsu tagi. Lögð er áhersla á að nemendur séu með réttan búnað og öðlist færni í að fara eftir umferðarreglum á hjólastígum og slóðum. Nemendur þurfa að eiga: Fjallahjól/reiðhjól, hjálm, vatnsbrúsa og taka með létt nesti. Kennslustundir: Að jafnaði 120 mín. Fjöldi skipta haustönn: 6 (sept - okt) Fjöldi skipta vorönn : 6 (apríl - maí).</p>
<p>Erasmus Verkefni</p> <p>1 kennslust.</p> <p>Kennari:Skólasjórnendur</p>	<p><i>ECO Thinking for ECO living</i> 9. og 10.bekkur</p> <p>Sjá kynningarbréf</p>	<p>Yoga</p> <p>2 kennslust.</p> <p>Kennari: Nína</p> <p>Hausönn</p>	<p>Valáfanginn er kenndur einu sinni í viku í 80. mín á haustönn. Kenndar eru grunn jógastöður, teygjur og slökun. Öndunaræfingar sem nýtast vel við slökun og gegn kvíða. Gæti reynst vel gegn prófkvíða. Farið verður í einfaldar stöður í byrjun áfangans og smá saman bætt ofaná og hver og einn fer á sínum hraða. Þannig að hver sem er getur skráð sig í áfangann bæði byrjendur sem og lengra komnir. Markmið áfangans er að byggja upp styrk og sveigjanleika líkamans og andlega slökun.</p>

		Kór 1 kennslust. Kennari. Jónína W.	Nemendur fá þjálfun í söng, raddbeitingu og öndun. Þau vinna saman að syngja lög úr mismunandi tónlistarstefnum og stílum með og án undirleiks. Unnið verður í því að þjálfra hlustun og tilfinningu fyrir tónhæð, samhljóm og takti. Námsmat: Símat, sjálfsmat, virkni, áhugi, samvinna og framfarir. (Listgrein)
--	--	---	--

Val á öðrum tímum

Valnámskeið	Lýsing
Aðstoðar-kennarinn 1 kennslust. Kennari: Ásta	<p>Nemandi fer inn í kennslustund á yngsta stigi og aðstoðar nemendur undir leiðsögn kennara. Verkefni gætu t.d. verið að aðstoða við lestur, að aðstoða í hópavinnu, að spila við nemendur, að ræða við þau um hina ýmsu félagsfærni og hjálpa þeim við að leysa út hinum ýmsu verkefnum sem koma upp yfir daginn.</p> <p>Námsmat: Símat þar sem lögð er áhersla á góð vinnubrögð, samstarfshæfni og sjálfstæði.</p> <p>Umsjón: Ásta í samvinnu við ýmsa kennara á yngsta stigi.</p>
Félagsmála-val (Dimma) 2 kennslust. Umsjón: Sunna	<p>Félagsmálaval er áfangi þar sem nemendur fá fræðslu í hinum ýmsu málefnum er snúa að félagsmálum sem og aðstoða við undirbúning á starfi félagsmiðstöðvarinnar Dimmu. Þeir nemendur sem velja þennan áfanga sitja í nemendaráði Dimmu. Kennslan verður í formi fyrirlestra, umræðu og verkefnavinnu sem snýr jafnt að framkvæmd viðburða sem og öðrum minni verkefnum. Unnið verður með viðburðastjórnun, leiðtogafærni, skoðanaskipti, unglíngalýðræði, undirbúning og framkvæmd verkefna og sjálfstæð vinnubrögð. Yfir veturinn munum við heimsækja aðra félagsmiðstöð sem og félagasamtök. Við munum vinna að viðburðum á vegum félagsmiðstöðvarinnar og skólans ásamt því að vinna minni verkefni tengd t.d. ræðumennsku og jákvæðum leiðtogum.</p> <p>Markmið áfangans er að þjálfa nemendur í fundarsköpum, ræðumennsku, skipulagsvinnu, viðburðastjórnun & lýðræðislegum vinnubrögðum í hópastarfi. Að stuðla að sjálfstæðum vinnubrögðum og ábyrgð. Að byggja upp heilbrigða sjálfsmynd nemenda. Að nemendur hjálpi til við undirbúning á starfi félagsmiðstöðvarinnar Dimmu. Að nemendur kynnist starfsemi félagasamtaka. Að byggja upp samkennd og samfélagslega ábyrgð meðal nemenda.</p> <p>Kennslufyrirkomulagið byggist að mestu leiti á umræðum og verklegum æfingum en þess á milli munum vera fyrirlestrar sem og heimsóknir út á vettvang er tengist félagsmálum.</p> <p>Námsmat fer fram með þeim hætti að nemendur eru metnir eftir dugnaði og áhugasemi. Einnig eftir verkefnum sem þeir skila af sér hvort sem um einstaklings eða hópverkefni er að ræða. Þátttaka í starfi félagsmiðstöðvarinnar markar einnig lykilþátt í námsmati. Hver nemandi fær umsögn í lok námskeiðs.</p>

<p>Frístundarval</p> <p>Kennslust.</p> <p>Umsjón: Ari</p>	<p>Nemandi fer í frístund sem er fyrir yngsta stigi og aðstoðar nemendur undir leiðsögn frístundaleiðbeinanda. Verkefni gætu t.d. verið að aðstoða í hópavinnu, að spila við nemendur, að ræða við þau um hina ýmsu félagsfærni og hjálpa þeim við að leysa hin ýmsu verkefni sem koma upp yfir daginn.</p> <p>Námsmat: Símat þar sem lögð er áhersla á góð vinnubrögð, samstarfshæfni og sjálfstæði.</p>
<p>Heimanám</p> <p>1 kennslust.</p> <p>Umsjón: Einar</p>	<p>Í heimanámstímum hafa nemendur tækifæri til að vinna verkefni sem þau eiga annars að vinna sjálfstætt heima hjá sér. Kennarinn getur einnig aðstoðað með ýmsa efnisþætti í bóklega náminu sem nemandinn þarf að einbeita sér sérstaklega að.</p>
<p>Réttindaráð</p> <p>1 kennslust.</p> <p>Kennari: Ásta</p>	<p>Réttindaráð mun leiða innleiðingu Réttindaskólaverkefnisins og hittist tvisvar sinnum í mánuði. Starf réttindaráðsins miðar að því að uppfylla forsendur Réttindaskólans sem eru að nemendur og starfsfólk vinni saman að sameiginlegu markmiði.</p> <p>Markmið réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi.</p> <p>Námsmat: Símat þar sem lögð er áhersla á góð vinnubrögð, samstarfshæfni og sjálfstæði.</p>
<p>Skólaráð</p> <p>1 kennslust.</p> <p>Umsjón: María</p>	<p>Samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008 skal starfa skólaráð við grunnskóla sem er samstarfsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalald.</p> <p>Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.</p> <p>Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólalaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin.</p> <p>Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.</p> <p>Skólanefnd, sbr. 6 gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.“ (Lög um grunnskóla, samþykkt á Alþingi 29. maí 2008, II. kafli, 8.gr.)</p> <p>Í skólaráð skal skipa níu einstaklinga til tveggja ára í senn:</p> <p>Skólastjóri sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess.</p> <p>Tveir fulltrúar kennara.</p> <p>Einn fulltrúa annars starfsfólks en kennara.</p> <p>Tveir fulltrúar nemenda.</p>

	<p>Tveir fulltrúar foreldra.</p> <p>Einn fulltrúi úr grenndarsamfélaginu sem ofantaldir fulltrúar skólaráðs velja eða einn viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra.</p> <p>Námsmat: Símat þar sem lögð er áhersla á góð vinnubrögð, samstarfshæfni og sjálfstæði.</p>
<p>Þjálfaraval í samstarfi við HK</p> <p>Umsjóna: Ómar Ingi hjá HK og deildastjóri</p>	<p>Þjálfaraval er samstarf Vatnsendaskóla og HK. Um er að ræða þjálfun yngri iðkenda, undir leiðsögn þjálfara hjá HK.</p> <p>Námsmat: sjálfsmat, virkni, áhugi, samvinna og framfarir. Umsögn.</p>
<p>Skyndihjálp og hjálparstarf</p> <p>2 kennslust.</p> <p>Umsjón: Rauði krossinn</p>	<p>Vatnsendaskólinn, í samstarfi við Rauða krossinn í Kópavogi, býður upp á þessa valgrein í 10. bekk. Í Skyndihjálp og hjálparstarf læra nemendur um Rauða krossinn og starf félagsins innanlands sem utan, s.s. hvar hjálpar Rauði krossinn, hvernig og af hverju? Nemendur taka 4 klst skyndihjálparnámskeið, sem er það sama og almenningur tekur hjá Rauða krossinum, og fá skírteini að því loknu. Nemendur í valinu vinna 5-6 klst í sjálfboðaliðastarf og geta valið starf eftir áhugasviði. Þar má t.d. nefna aðstoð í Fatabúðum Rauða krossins, félagsstarf með fólki sem er félagslega einangrað og fjáröflun fyrir Rauða kross verkefni að eigin vali. Í fjáröfluninni hafa nemendur tækifæri á að hanna sína eigin fjáröflun og vinna hana frá upphafi til enda, jafnvel í samstarfi við aðra 10. bekkinga í Kópavogi. Áhersla er lögð á að nemendur takist á við krefjandi verkefni líkt og aðrir sjálfboðaliðar Rauða krossins.</p> <p>ATH. Þetta skyndihjálparnámskeið veitir ekki einingu í framhaldsskóla, það námskeið eru 12 klst.</p> <p>Námsmat er lokið eða ólokið, þar af leiðandi skiptir mæting og virkni í tímum miklu máli.</p> <p>Kennari: frá Rauða krossinum</p> <p style="text-align: right;">(Verkgreinar)</p>
<p>Tækniskólinn</p> <p>3 kennslust.</p> <p>Umsjón: Tækniskólinn</p>	<p>ATH! Eingöngu fyrir 10.bekk. Sérstakur póstur með upplýsingum fór heim á foreldra í vor. Búið er að sækja um fyrir þá nemendur sem höfðu áhuga.</p>
<p>Val utan skóla</p> <p>Umsjón: deildarstjóri</p>	<p>Nemendur sem stunda formlegt nám í tónlistar, myndlistar eða dansskólum geta fengið það metið sem hluta af valáföngum grunnskóla sama á við um nemendur sem stunda formlegar æfingar hjá íþróttafélögum. Nemendur geta að hámarki fengið fjórar kennslustundir í afslátt á viku. Nemendur verða að fylla inn fjölda valtíma utan skóla um leið og þeir skila inn vali á valgreinum.</p>